

## FUNDARGERÐ HEILBRIGÐISNEFNDAR NORÐURLANDS VESTRA

Fundur í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn föstudaginn 26. febrúar 2021 kl. 12:00 í húsnæði heilbrigðiseftirlitsins að Sæmundargötu 1, 550 Sauðárkróki og í fjarfundi.

Fundinn sátu:

Haraldur Þór Jóhannsson, Lee Ann Maginnis, Stefanía Inga Sigurðardóttir og í vefsambandi: Margrét Eva Ásgeirsdóttir, Ína Björk Ársælsdóttir og Nanna Árnadóttir

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra: Sigurjón Þórðarson

Dagskrá:

1. Nefndin skiptir með sér verkum.
2. Staða mála, varðandi olíumengun á Hofsósi.
3. Nýir álímingamiðar í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis.
4. Förgun á riðusmituðu fé.
5. Mál til kynningar
  - a) UST; Laugargæsla Hólum, samráðsfundur vegna Steinullarverksmiðjunnar, landsáætlun eftirlits 2021.
  - b) MAST; eftirlitsverkefni um heilsufullyrðingar, Innkallanir á vörum vegna; aðskotahlutar, myglu, innihaldslýsingar, of langs geymsluþols, aðskotaefnis, vanmerkingar á fæðuþoli á „hjonabakka“, innköllun á sælgæti vegna aðskotaefnis úr umbúðum.
  - c) Skipulag; Aðalskipulag Skagastrandar, skipulag Staðarhofs og skipulag Ármúla.
  - d) Erindi frá Sýslumanni; Gistiheimilið Hlín, leyfi vegna Laxás, rekstrarleyfi fyrir Ljósheima, rekstrarleyfi fyrir Retro Hofsósi, leyfi fyrir brennu á öskudag.
  - e) Annað; Athugasemdir vegna merkinga fæðubótarefna, breytingar á húsnæði við Aðalgötu á Sauðárkróki, Fitugildra Mjólkursamlagi Skagfirðinga, Fyrirspurn um salernismál, húsaskoðun Fjallabyggð, kvörtun vegna hávaða á Blönduósi, kvörtun vegna tjöruþvottar og úttekt á meindýravörnum í sumarhúsum.
6. Starfsleyfi.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður; Lee Ann Maginnis  
Varaformaður; Ína Björk Ársælsdóttir
2. Heilbrigðisnefnd álitur af lestri fyrstu vöktunarskýrslu Verkís frá 17. febrúar sl. með

vöktun á rokgjörnum eignum að mikilvægt sé að Umhverfisstofnun hafi frekari hönd í bagga með túlkun niðurstaðna og framhaldi vöktunar.

3. Samþykkt er að taka álímingarmiða í notkun til þess að koma til móts við álit Umboðsmanns Alþingis frá 29. janúar 2020 hvernig skuli standa að því að fjarlægja númerslausa bíla.
4. Mikilvægt er að stjórnvöld setji í forgang endurskoðun á viðbragðsáætlun um hvernig eigi að farga riðusmituðum hræjum og úrgangi á borð við skít, timbur og innréttingar í fjárhúsum þar sem upp hefur komið riða.

Það er ljóst að talsvert hreinsunarstarf er fyrir höndum á þeim bæjum í Skagafirði þar sem fé var skorið var niður vegna riðu m.a. förgun á skít, timbri og innréttingum í fjárhúsum sem ekki verða endurnýtt. Huga verður í tíma hvernig skuli standa að þeirri förgun.

Við yfirferð málsins er rétt að hafa í huga að sú undanþága sem veitt var um notkun aflagðs urðunarstaðar að Skarðsmóum rennur út þann 30. apríl nk.

Mikilvægt er að finna lausn til framtíðar en einnig að huga að skammtímalausn vegna stöðunnar í Skagafirði.

5. Mál kynnt.
6. Starfsleyfi:

**Mál 1615.** Árskóli og Árvist, kt. 550698 2349 vegna starfrækslu grunnskóla með mötuneyti að Skagfirðingabraut, 550 Sauðárkrókur. Ábyrgðamaður er Óskar Björnsson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1616.** Austan Vatna, vegna framleiðslu á matvælum í húsnæði eldhúss Ferðaþjónustunnar að Hólum, 551 Sauðárkrókur. Ábyrgðamaður er Inga Dóra Þórarinsdóttir kt. 170584 3689.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1617.** Laxás, sala gistingar án veitinga á vegum Himinn sólar ehf. kt. 590815 1010. Ábyrgðamaður er Björn Þór Kristjánsson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1618.** Skalazo ehf, kt. 491020 0590, vegna veitingarekstur að Aðalgötu 20b, 550 Sauðárkrókur. Ábyrgðamaður er Hasna Bouchan.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1619.** Skíðaskáli, Skíðadeildar UMF Tindastóls, á skíðasvæði félagsins vegna snyrtiaðstöðu og sölu veitinga. Ábyrgðamaður er Sigurður Hauksson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1620.** Hlín ehf. kt. 220885 2839, vegna rekstur gistiheimilis að Steinsstöðum,

561 Varmahlíð. Ábyrgðamaður er Anna Hlín Jónsdóttir.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1622.** FMS hf. kt. 530787 1769, til að starfrækja fiskmarkað og vöruflutninga að Hafnarbryggju, 580 Siglufjörður. Starfsleyfisskilyrði eru samræmd starfsleyfisskilyrði UST og HES fyrir fiskvinnslur. Ábyrgðamaður er Ragnar H. Kristjánsson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1623.** JE. Vélaverkstæði, til að starfrækja vélaverkstæði og plastiðnað að Gránugötu 13, 580 Siglufjörður. Ábyrgðamaður er Guðni Sigtryggsson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1624.** Dæli ehf., 420516 2820, til að starfrækja dekkjaþjónustu og bónstöð samkvæmt almennum skilyrðum fyrir mengandi starfsemi. Ábyrgðamaður er Kristinn Rúnar Víglundsson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1625.** Áhaldahús Fjallabyggðar kt. 580706 0880, til að starfrækja áhaldahús þ.e. viðgerða-, viðhalds- þvotta- og geymsluaðstöðu, sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Ármann V. Sigurðsson  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1626.** BÁS ehf. kt. 611293 3059, til að starfrækja bifreiða og dekkja- vélaverkstæði að Ránargötu 14, 580 Siglufjörður, sbr auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Sveinn Zophaníasson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1627.** Videosport ehf. kt. 470201 2150, til að starfrækja félagsheimili með fullbúnu eldhúsi að Ljósheimum 551 Sauðárkrókur. Ábyrgðamaður er Sigurpáll Aðalsteinsson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

**Mál 1628.** Protis ehf. kt. 441115 1210, framleiðsla á fæðubótarefnum, Húnabraut 33, 540 Blönduósi. Ábyrgðamaður er Ágúst Sindri Karlsson.  
*Samþykkt til 28.2.2033.*

Fundargerð upplesin og samþykkt

**Fundi slitið kl. 12:50**

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

---

Haraldur Þór Jóhannesson

---

Lee Ann Maginnis

Nanna Árnadóttir

---

Margrét Eva Ásgeirsdóttir

---

Sigurjón Þórðarson

---

Stefanía Inga Sigurðardóttir